

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, meðhöndlun, móttöku og flokkun úrgangs í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 898/2022.

2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
140 l spartunna sótt á 28 daga fresti, einbýli	26.682
240 l grá tunna sótt á 28 daga fresti, einbýli	43.513
660 l kar sótt á 28 daga fresti fjölbýli	119.319
1.100 l kar sótt á 28 daga fresti fjölbýli	198.865

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:

<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
240 l tunna sótt á 28 daga fresti í þéttbýli	6.359
240 l tunna sótt á 42 daga fresti í dreifbýli	6.359
660 l kar sótt á 28 daga fresti í fjölbýli og þéttbýli	17.486
660 l kar sótt á 42 daga fresti í dreifbýli	6.359
1.100 l kar sótt á 21 dags fresti í fjölbýli og þéttbýli	29.144

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgang:

<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
240 l tunna sótt á 28 daga fresti í þéttbýli	6.359
240 l kar sótt á 42 daga fresti í dreifbýli	6.359
240 l kar sótt á 28 dags fresti í fjölbýli og þéttbýli	6.359

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgang.

<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
140 l tunna sótt á 14 daga fresti 1. júní - 30. september	
Tæming á 28 daga fresti 1. október - 31. maí	13.590

Gjaldi fyrir tunnur og ker er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun eða endurvinnslu úrgangs. Gjaldi fyrir gáma er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu og förgun eða endurvinnslu.

Aðrir gjaldaliðir:

Gjald fyrir aukalosun: 5.860 kr./ferð auk 2.057 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs gámasvæða fyrir frístundahús: 43.119 kr./frístundahús. Gjaldi vegna reksturs gámasvæða er ætlað að standa undir kostnaði vegna reksturs gámasvæða í frístundabyggðum og vegna reksturs móttökustöðvar í Borgarnesi.

Gjald vegna reksturs grenndarstöðva og móttökustöðvar í Borgarnesi: 33.539 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar- og móttökustöðva er ætlað að standa undir rekstri grenndarstöðva fyrir íbúa og vegna reksturs móttökustöðvar í Borgarnesi.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta: 4.364 kr. í hvert sinn sem óskað er breytinga.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

Ef íbúðarhúsnæði er nýtt til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu og engar tunnur eru, er innheimt gjald vegna reksturs grenndar- og móttökustöðva, 33.539 kr./íbúð.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Borgarnesi skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við breytingar á vísitölum í samningi við verktaka á 6 mánaða fresti. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu í desember 2025:

Blandaður úrgangur	10.628 kr. pr. m ³
Óflokkaður grófur úrgangur	10.628 kr. pr. m ³
Vatnsmálning	10.140 kr. pr. m ³
Gler og flísar	8.872 kr. pr. m ³
Steinefni	8.872 kr. pr. m ³
Málað timbur	8.872 kr. pr. m ³
Hreint timbur	7.604 kr. pr. m ³
Lágmarkskomugjald á móttökustöð með gjaldskyldan úrgang	770 kr. pr. skipti
Lágmarkskomugjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast)	1.450 kr. pr. m ³

Í ofangreindri gjaldatöflu er reiknað með að komið sé með flokkaðan úrgang á móttökustöðina.

Atvinnurekendur greiða sjálfir fyrir gjaldskyldan úrgang á móttökustöð.

Íbúar sveitarfélagsins geta komið með allt að 8 rúmmetrum af gjaldskyldum úrgangi frá heimilum á ári, á móttökustöðina í Borgarnesi, án þess að þurfa að greiða fyrir. Til þess að skila inn slíkum úrgangi þarf að vera með klippikort (rafræn veskislausn).

Tekið er á móti ýmsum úrgangi, s.s. blönduðum plastumbúðum, blönduðum pappír og pappa, bylgjupappír, garðaúrgangi, hjólbörðum, kitti og spasli, kælitækjum, litlum raftækjum, málum, perum, rafgeymum, rafhlöðum, skjáir, slökkvitækjum og gaskútum, stórum raftækjum, textíl og úrgangsolíu til endurvinnslu, án endurgjalds.

4. gr.

Gjaldskrá vegna úrgangs sem verktakar hafa gert samning við Borgarbyggð um að farga megi á urðunarstaðnum við Bjarnhóla skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í samræmi við byggingarvísitölu um hver áramót:

Timbur (ómengað og hæft í kurlun)	1.787 kr. pr. m ³
Garðaúrgangur	748 kr. pr. m ³
Jarðvegur	748 kr. pr. m ³
Grjót og múrbrot	2.312 kr. pr. m ³
Hrossatað	1.330 kr. pr. m ³

Ekki verður heimilt að meðhöndla annan úrgang en að ofan greinir á þessum urðunarstað. Urðunarstaðurinn er afgirtur, læstur og undir eftirliti.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar á fundi 11. desember 2025, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 937/2025.

Borgarnesi, 19. desember 2025.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 13. janúar 2026